ÁRTÚNSSKÓLI
LEIKSKÓLI - GRUNNSKÓLI - FRÍSTUNDAHEIMILI
ÁRANGUR - VIRÐING - VELLÍÐAN

20. maí 2026

Fundur í skólaráði Ártúnsskóla

Mættir: Ellen Gísladóttir skólastjóri, Hanna Sóley Helgadóttir aðstoðarskólastjóri leikskóladeildar, Lilja Rut Bech Hlynsdóttir fulltrúi kennara, Lilja Hrönn Einarsdóttir forstöðumaður frístundar, Bárður Steinn Jóhannesson umsjónarmaður fasteigna og fulltrúi starfsmanna, Una Ragnarsdóttir og Árdís Rún Viðarsdóttir fulltrúar nemenda, Bjarni Þórðarson fulltrúi grenndarsamfélags, Árni Brynjólfsson, Ingólfur Gíslason og Guðrún Þorleifsdóttir fulltrúar foreldra, Anna Dögg Rúnarsdóttir fulltrúi starfsmanna á leikskóladeild, Birna Guðmundsdóttir skólaráðgjafi og Guðrún Bára Gunnarsdóttir aðstoðarskólastjóri og ritari fundar.

Ellen hóf fundinn á því að ræða um matsþætti í skólastarfinu. Það eru ekki komnar niðurstöður úr íslensku æskulýðsrannsókninni, foreldrakönnun borgarinnar og lefimifyrilögn í maí. En farið var yfir niðurstöður úr skólapúlsinum frá því í vetur. Skólapúlsinn er lagður fyrir nemendur í 6. Og 7. Bekk ár hvert og í litlum skóla eins og Ártúnsskóla þá svara öll börn í 6. Og 7. Bekk skólapúlsinum í nóvember og í apríl. Niðurstöður skólans koma vel út í ár. Nemendum finnst gaman að lesa, en síður gaman í stærðfræði og náttúrufræði. Börnin hafa þrautseigju og trú á eigin námsgetu og líður vel. Einelti hefur minnkað en auðvitað er eitt skipti eineltis alltaf of mikið. Börnin í Ártúnsskóla eru ekki ánægð með matinn í skólanum en agi í kennslustundum er góður, nemendur eru virkir í tímum og starfsfólk er gott í að stoppa stríðni og einelti.

Stjórnendur skólans útbjuggu viðhorfskannanir í google sem voru lagðir fyrir, annars vegar 1. -4. bekk og hins vegar fyrir 5. – 7. Bekk. Niðurstöður eru jákvæðari í þessari könnun heldur en í skólapúlsinum. Spurt var út í líðan, virkni í frímínútum, hvort börnin hafi einhvern fullorðinn til að tala við í skólanum, hádegismatinn, einkunnarorðin og fleira. Nemendur máttu koma með tillögur að réttum á matseðil og þar var mikið um að börnin nefndu að meira mætti vera af pítu og hamborgurum og þess háttar mat á matseðlinum.

Næst var farið í niðurstöður matferils sem var lagður fyrir í mars í skólanum í 4. – 7. bekk. Niðurstöðurnar komu vel út í skólanum.

Starfsáætlun leikskóladeildarinnar verður send inn í lok júní. Foreldrar í skólaráði munu fá hana senda til yfirlestrar áður en henni verður skilað.

Loftgæði í leikskólanum hafa verið í skoðun og tekin voru sýni úr gólfi og veggjum. Fyrstu niðurstöður sýna að á tveimur stöðum sé ástæða til að kanna betur. Búið er að loka þessum rýmum og fundur er á morgun með borginni.

Næst var farið yfir stöðuna fyrir næsta vetur varðandi mönnun. Í skólaseli er Lilja Hrönn að fara í fæðingarorlof í lok sumars. Eggert tekur við sem forstöðumaður næsta skólaár og Hildur mun taka

við sem aðstoðarforstöðumaður. Börnum mun fjölga næsta vetur í frístund þar sem það er að koma inn stór 1. bekkur hjá okkur næsta vetur.

Á leikskólanum verða sömu deildarstjórar næsta vetur á deildunum. Næsta skólaár í grunnskólanum var einnig kynnt og búið er að ráða inn einn nýjan kennara Önnu Rún Austmar Ástudóttir sem verður með Láru í umsjónarkennslu í 1.bekk.

Bjarni sagðir frá því að skráning í sumarstarf Ársels í smiðjur fyrir miðstig fyrir 5. – 7. bekk er í gangi og gengur vel. Bjarni ætlar að senda skólatjórnendum póst með skráningarupplýsingum þannig að hægt sé að senda upplýsingarnar út til foreldra í næsta föstudagspósti.

Á leikskólanum koma inn fimm börn úr 9. bekk frá Vinnuskólanum í vinnu í sumar. Þau mega ekki vera ein með börnum en nýtast vel sem auka starfsmenn á leikskóladeildinni.

Fundi slitið kl. 9.

Fundarritari
Guðrún Bára